


Deiliskipulagsbreyting samþykkt í borgarráði þ. 7. nóv. 2013 mkv. 1.2000




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu mkv. 1:2000



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

## SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐARMÖRK - GIRÐING
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- BYGGINGARREITUR FÆRANLEGRA HÚSA
- NÚVERANDI BYGGING
- FJARLÆGÐ BYGGING
- NÚVERANDI FÆRANLEG HÚS
- STÆKKUN LÓÐA
- NÚVERANDI GRÓÐUR
- AKANDI UMFERÐ
- NÚV. GÖNGULEIÐIR
- NÝJAR GÖNGULEIÐIR
- GÖNGULEIÐIR SKÓLABARNA Í FRÍSTUND

GREINARGERÐ:

Í gildi er deiliskipulag "Laugardalur austurhluti" samþykkt í borgarráði 13.jan.2005 með síðari breytingum. Skv.samþykktu skipulagi má fjarlægja Verkbækistöð I, hús M sem er færanlegt. Garðyrkja borgarinnar nýtti húsið áður og gamlan veg að því úr suðurátt en nú er starfsemin flutt úr garðinum. Vegna húsnæðisvanda og fjölgunar nemenda var ráðgerð safnfrístund fyrir börn úr Langholts-og Laugarnesskóla í húsi M og tveimur aðfluttum húsum. Minna húsið var staðsett þar sem áður voru gamlar snyrtingar sem voru fjarlægðar, grisjun gróðurs vegna hússins var gerð í samráði við Skrifstofu umhverfisgæða á Umhverfis-og skipulagssviði . Gamall vegur liggur frá húsi M til suðurs og er hann nýttur sem gönguleið fyrir Langholtsskólabörn. Gönguhlið er á suðurenda vegarins til að koma í veg fyrir að bílar aki inn á veginn. Gönguleiðir barna eru sýndar á uppdrætti.
Girðing og hlið afmarkar núverandi vinnusvæði Bækistöðvar Laugardals, sem stækkaði aðeins til suðurs.
Gönguleið frá austri til vesturs skv.skipulagi fluttist lítillega til suðurs. Þessar breytingar voru framkvæmdar að undangenginni deiliskipulagsbreytingu samþykktri í borgarráði 7.nóv. 2013. Vegna enn meiri fjölgunar barna í Langholts-og Laugarnesskóla þarf að bæta við öðru færanlegu húsi til að mæta þörfinni um frístundaaðstöðu barna. Haft var samráð við Skrifstofu umhverfisgæða og Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins vegna staðsetningar færanlegrar stofu og þá sérstaklega horft til þess að vernda gróður á svæðinu. Ekki verða felld tré vegna þessa. Smíðaskemma verður flutt til á svæðinu til þess að hægt sé að tengja aðra þætti frístundastarfseminnar innanhúss. Möguleiki verður á nýju húsi á þeim reit .
Skv.samþykktu skipulagi eiga svæði II og III, austan við húsin að verða almenningssvæði og horfir starfsemi frístundar til þeirra, sem aðalleiksvæði en þessi stóru svæði hafa verið lokuð almenningi hingað til.
Í lok dags er gert ráð fyrir að börnunum verði fylgt aftur á skólalóðir síns skóla. Þeir foreldrar sem þurfa að sækja börnin áður en frístundaheimilinu lokar verða að leggja bílum á bílastæðum við Skautahöllina eða við enda Holtavegar.
Samkvæmt samráði við Bækistöð Laugardals eru takmörkuð aðföng vegna þjónustu heimil gegnum bækistöðina frá Sunnuvegi.

BREYTINGIN FELST Í:

- Gerðir eru tveir byggingarreitir fyrir aðfluttar færanlegar stofur / smíðaskemmu sem er flutt til á staðnum.

að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.




Skýringarmynd - mkv. 1: 500

STÆRÐIR:

Verkbækistöð I - Hús M var flutt á staðinn 1987
Færanlegar stofur voru fluttar á staðinn 2014

FYRIR BREYTINGU:

Núverandi byggingarmagn: 302.0 M2

EFTIR BREYTINGU:

Leyfilegt byggingarmagn um 450.0 M2




Skýringarmynd - loftmynd mkv. 1: 500

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr.43 gr.skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í
Borgarráði þann 19. mars og
á embafgrf. skipulagsf. þann 22. maí 2015

Tillagan var auglýst frá 7. apríl með athugasemda-fresti til 19. maí 2015

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________.

Björn Axelsson

staðgreinir 1.1393.0

| Verk | Teikn.nr. |
|---|---|
| Svæði fyrir safnfrístund í Laugardal (Holtavegur 32) | 1 |
| DEILISKIPULAGSBREYTING | Mkv. 1:2000 |
| LAUGARDALUR austurhluti | |
| Teiknað/hannað af DH - RG | Dags. 25.02.15 |
| | blaðstærð A2 |

Rúnar Gunnarsson arkitekt faí 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt faí 220849-3769
Eva Huld Friðriksdóttir arkitekt faí 300176-4619
**Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000